

Fimmtudaginn 22. febrúar 1996.

Nr. 418/1994.

Birgir Þórisson

(Sigurður Sigurjónsson hrl.)

gegn

Stefáni G. Olgeirssyni

og Guðna Á. Haraldssyni

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

Fasteignakaup. Skuldaskil. Tryggingarbréf. Víxill. Lögmenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. október 1994. Hann krefst þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu 663.160 króna með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum af 40.000 krónum frá 10. maí 1991 til 2. október 1992, af 140.000 krónum frá þeim degi til 22. sama mánaðar, af 190.000 krónum frá þeim degi til 15. desember sama ár, af 266.580 krónum frá þeim degi til 28. sama mánaðar, af 586.530 krónum frá þeim degi til 8. janúar 1993, en af 663.160 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda Guðna Á. Haraldssonar er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms að niðurstöðu til og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda Stefáns G. Olgeirssonar er ekki sótt þing, og verður málið því dæmt, að því er hann varðar, samkvæmt 3. mgr. 158. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 12. gr. laga nr. 38/1994.

I.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Á það verður ekki fallist með héraðsdómara, að ekki séu skilyrði til að sækja stefndu í sama máli samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Samkvæmt 3. mgr. 158. gr. laga nr. 91/1991 ber að meta það svo,

að stefndi Stefán G. Olgeirsson krefjist staðfestingar héraðsdóms. Með skírskotun til forsendna dómsins ber að staðfesta hann, að því er stefnda Stefán varðar. Þar sem hann undi dómi, var áfrýjun málsins óþörf gagnvart honum, og verður hann því ekki dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

II.

Áfrýjandi heldur því fram, að hann hafi afhent Guðna Á. Haraldssyni lögmanni tryggingarbréf það, er í héraðsdómi greinir, svo að hann gæti aflýst bréfinu. Forsenda afhendingar bréfsins hafi verið sú, að Guðni hafi lofað að greiða þær skuldir Stefáns G. Olgeirssonar, sem áfrýjandi bar ábyrgð á, af söluverði eignarhluta Stefáns í Nýbýlavegi 26, Kópavogi, samkvæmt kaupsamningi 12. mars 1987 við Guðmund Vigni Sigurbjarnarson. Heldur áfrýjandi því fram, að allar þessar skuldir hafi verið tryggðar samkvæmt ákvæðum tryggingarbréfsins, þar á meðal skuld sú, sem í málinu greinir. Guðni hafi ekki staðið við loforð sitt og afhent Stefáni fjármuni, sem nota hafi mátt í þessu skyni. Stefán hafi orðið gjaldþrota skömmu síðar, og þar sem áfrýjandi bar ábyrgð á skuldinni, hafi hann orðið að leysa hana til sín.

Pegar kaupin fóru fram, hafði fasteignin verið auglýst til sölu á öðru og síðara uppboði. Samkvæmt 3. gr. kaupsamningsins átti að verja andvirði veðskuldabréfa til greiðslu á uppboðskröfum, og átti stefndi Guðni, sem samið hafði samninginn, að varðveita undirskriftargreiðslu, sem nam 500.000 krónum, þar til ljóst yrði, að allar áhvílandi veðskuldir og fjárnám væru greidd. Skuld sú, sem mál þetta varðar, hvíldi ekki á eigninni, er kaupsamningi var þinglýst. Eiginvixli, sem getið er um í tryggingarbréfinu, hafði ekki verið haldið til laga, og var hann fyrndur samkvæmt 1. mgr. 70. gr. víxillaga nr. 93/1933, sbr. 34. gr. sömu laga, þá er mál þetta var höfðað. Samkvæmt orðalagi tryggingarbréfsins verður það ekki skilið öðruvísi en svo, að það tryggi aðeins þær skuldir, sem þar eru upp taldar, og að eiginvixillinn hafi aðeins verið gefinn út þeirra vegna. Það var áfrýjanda til hagsbóta að afhenda tryggingarbréfið, svo að gera mætti þessar skuldir upp. Gegn eindreginni neitun stefnda Guðna verður að telja það ósannað, að hann hafi lofað að sjá um greiðslu skuldarinnar, sem um ræðir í þessu máli. Rétt þykir því að staðfesta

niðurstöðu hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en því, að málskostnaður í héraði til stefnda Guðna skal falla niður. Áfrýjandi skal greiða áfrýjunarkostnað máls þessa, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður að öðru leyti en því, að málskostnaður í héraði til stefnda Guðna Á. Haraldssonar fellur niður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður, að því er varðar stefnda Stefán G. Olgeirsson.

Áfrýjandi, Birgir Þórisson, greiði stefnda Guðna Á. Haraldssyni 75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 15. júlí 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. júní sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Birgi Þórisssyni, kt. 130151-7019, Víðimel 25, Reykjavík, gegn Stefáni Grími Olgeirssyni, kt. 140940-0039, Reykjavíkurvegi 29, Reykjavík, og Guðna Haraldssyni hrl., kt. 260654-7999, með starfsstofu Kringlunni 6, Reykjavík, með stefnu, þingfestri 4. maí 1993.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til þess að greiða stefnanda 663.160 kr. ásamt dráttarvöxtum [...]. Þá er krafist málskostnaðar.

Dómkröfur stefnda Guðna Á. Haraldssonar eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og stefnanda gert að greiða sér málskostnað að mati dómsins.

I.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveðst á sínum tíma hafa átt viðskipti við Stefán Grím Olgeirsson, og hafi m. a. verið gerður kaupsamningur milli þeirra um hluta Nýbýlavegar 26 í Kópavogi. Kaupsamningurinn sé dagsettur 25. júlí 1985 og lagður fram í málinu. Samkvæmt kaupsamningnum hafi verið áhvílandi veðskuldir, þá er kaupsamningur og afsal voru út gefin. Mun Stefán, seljandi eignarinnar, hafa lofað að aflétta veðskuldum af hinum selda eignarhluta fyrir 31. desember 1985, og til tryggingar því, að hann myndi standa við það loforð og aflétta veðskuldum, greiða víxla og skuldabréf, sem stefnandi hafi borið ábyrgð á, en Stefán verið greiðandi að, hafi hann gefið út eigin víxil, að fjárhæð 2.500.000 kr., og jafnframt hafi verið þinglýst trygg-

ingarbréfi í sama skyni á Nýbýlaveg 26, eignarhlut Stefáns G. Olgeirssonar. Stefnandi kveður Stefán eigi hafa aflétt veðskuldum og eigi heldur staðið í skilum með greiðslu þeirra víxla og skuldabréfa sem stefnandi hafi gengið í ábyrgð á og tryggingarbréfið átt að tryggja, að eigi féllu skuldbindingar á stefnanda.

Stefnandi kveðst hafa haft umrætt tryggingarbréf í fórum sínum ásamt víxlunum. Við frágang skilnaðarmáls stefnda Stefáns og konu hans, Bentínu Haraldsdóttur, en stefndi Guðni mun hafa annast þau mál f. h. Stefáns, hafi stefndi Guðni Haraldsson, lögmaður Stefáns Olgeirssonar, farið þess á leit við stefnanda, að hann afhenti umrætt tryggingarbréf til aflýsingar, en í ráði hafi verið að selja fasteign þeirra hjóna að Nýbýlavegi 26, Kópavogi. Andvirðið muni hafa átt að nota til þess að greiða upp allar áhvílandi veðskuldir og aðrar skuldir stefnda Stefáns Olgeirssonar, þar á meðal kröfu Guðmundar Þórðarsonar hdl. og Jóns Oddssonar hrl., en þær kröfur hafi verið reistar á ábyrgðarskuldbindingum Birgis Þórissonar í þágu Stefáns Olgeirssonar. Stefnandi kveðst þrásinnis hafa synjað um afhendingu tryggingarbréfsins og víxilsins, nema áður færi fram greiðsla á nefndum kröfum, sem voru í höndum þeirra Jóns Oddssonar og Guðmundar Þórðarsonar lögmannna. Stefnandi kveður stefnda Guðna Haraldsson þá hafa lofað, að hann myndi afla sér upplýsinga um umræddar kröfur og sjá um greiðslu þeirra, svo að eigi félli ábyrgð eða greiðsluskylda á stefnanda vegna þeirra. Tryggingarbréfið yrði hann hins vegar að fá afhent frá stefnanda, svo hann gæti fengið andvirði söluverðs í sínar hendur. Kveðst stefnandi hafa treyst Guðna Haraldssyni lögmanni til þess að greiða skuldirnar, enda hafi yfirlýsing hans þar að lútandi á þeim tíma verið marktæk, m. a. þar sem hann hafði allar fjárreiður Stefáns Olgeirssonar á sinni hendi. Stefnandi kveður upplýst, að hann hafi fengið umræddar upplýsingar frá þeim Guðmundi Þórðarsyni og Jóni Oddssyni í byrjun júnímánaðar 1987. Í kjölfar þess kveðst stefnandi hafa afhent Guðna Haraldssyni tryggingarbréfið gegn áréttingu á loforði um, að umræddar kröfur yrðu greiddar. Hinn 22. júní 1987 mun stefndi Guðni hafa látið aflýsa tryggingarbréfinu, svo sem sjá megi af áritun á umrætt tryggingarbréf. Hafi nú liðið nokkur tími, og taldi stefnandi, að kröfur þeirra Jóns Oddssonar og Guðmundar Þórðarsonar hefðu verið greiddar af stefnda Guðna og málin þar með niður fallin. Állöngu síðar mun hins vegar hafa komið í ljós, að umræddar kröfur höfðu alls ekki verið greiddar, heldur hafði stefndi Guðni Haraldsson aflétt tryggingarbréfinu án þess að greiða nokkuð af kröfum þeirra Guðmundar Þórðarsonar og Jóns Oddssonar. Stefnandi kveðst hafa neyðst til þess síðar að semja við Guðmund Þórðarson um greiðslu á kröfu hans, en stefndi Stefán

Olgeirsson hafi jafnframt sjálfur reynt að greiða niður kröfu Guðmundar Þórðarsonar. Í janúar 1992 hafi stefnanda borist skiptastefna vegna kröfu Ásgeirs Thoroddsen hrl. vegna Lögheimtunnar, sem tekið hafði við innheimtukröfu þeirri, sem Jón Oddsson hrl. hafði haft á sínum tíma. Var þá ótvírætt leitt í ljós, að Guðni Haraldsson, lögmaður Stefáns Olgeirssonar, hafði ekkert greitt af þeirri kröfu þrátt fyrir afdráttarlaus loforð þar að lútandi. Vegna fjárskorts Stefáns Olgeirssonar hafi stefnandi orðið að greiða umrædda kröfu með 663.160 kr. og í því skyni að koma í veg fyrir, að skiptum á búi hans lyki með gjaldþroti. Guðni Haraldsson lögmaður hafi annast sölu á Nýbýlavegi 26 fyrir Stefán Olgeirsson og greiðslur komið í hlut þeirra Stefáns og Bentínu, auk þess sem greiddar muni hafa verið einhverjar áhvílandi veðskuldir á eigninni. Var því ljóst, að unnt hefði verið að greiða umræddar stefnukröfur máls þessa.

Stefnandi kveðst hafa kafið Stefán Olgeirsson um endurgreiðslur, en hann hafi borið við lausafjárskorti svo og því, að hann hafi aldrei fengið neina skilagrein frá lögmanni sínum, Guðna Haraldssyni, og sér hafi verið algjörlega ókunnugt um, hverjar skuldir stæðu eftir, fyrr en hann hefði verið boðaður í skiptarétt Kópavogs, þar sem bú hans hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta. Stefnandi kveður Stefán Olgeirsson hafa tjáð sér, að hann væri eignalaus og án greiðslugetu. Jafnframt hafi Stefán tjáð sér, að hann hafi frá öndverðu lagt fyrir Guðna Haraldsson, lögmann sinn, að greiða umræddar kröfur og geti staðfest, að hann hafi af því tilefni farið til fundar við Guðna Haraldsson á skrifstofu hans ásamt stefnanda til þess að búa svo um hnúta, að kröfur þessar yrðu greiddar. Í kjölfar þess fundar hafi stefnandi afhent umrætt tryggingarbréf.

Stefnandi reisir kröfur sínar á hendur Guðna Haraldssyni hrl. á því, að með erindrekstri og fésýslu fyrir stefnda Stefán Olgeirsson svo og með beinu loforði lögmannsins við stefnanda hafi hann tekist á hendur ábyrgð á því, að umræddar kröfur yrðu greiddar. Stefndi Stefán Olgeirsson sé í reynd greiðandi og beri ábyrgð á umræddum kröfum, þ. e., að eigi féllu ábyrgðir á stefnanda, Birgi Þórisson, en Guðni Haraldsson, lögmaður Stefáns, hafi haft fullt og ótakmarkað umboð til að ráðstafa fjármunum Stefáns Olgeirssonar til greiðslna á kröfum. Forsenda þess, að Guðni Haraldsson hafi á sínum tíma getað fengið greiðslu kaupverðs í sínar hendur út úr fasteigninni Nýbýlavegi 26, hafi m. a. verið sú, að umræddu tryggingarbréfi yrði aflýst. Stefndi Guðni Haraldsson hafi gegn loforði um greiðslu á umræddum kröfum þeirra Jóns Oddssonar og Guðmundar Þórðarsonar fengið frá stefnanda afhent umrætt tryggingarbréf til aflýsingar. Hins vegar hafi hann sviðið loforð sitt og tekið við greiðslu kaupverðs og ráðstafað and-

virði með öðrum hætti en að greiða kröfur Jóns Oddssonar og Guðmundar Þórðarsonar þrátt fyrir loforð þar að lútandi. Stefnandi vill eigi una því að bera tjón vegna svika stefnda Guðna og vanskila og vanefnda stefnda Stefáns og beinir því bótakröfum að þeim in solidum.

Dómkröfur stefnanda eru reistar á því, að hann hafi orðið að greiða skuld Stefáns Olgeirssonar annars vegar vegna vanefnda og vanskila Stefáns Olgeirssonar, stefnda í máli þessu, og hins vegar vegna vanefnda og þess, að stefndi Guðni hafi eigi staðið við gefið loforð um að greiða umræddar skuldir gegn því að fá tryggingarbréf afhent til aflýsingar. Þannig hafi stefnandi orðið að greiða til Lögheimtunnar hf. 663.160 kr., og vísast til bréfs Lögheimtunnar hf. til stefnanda, dags. 11. mars 1993, þar að lútandi. Krafist er vaxta af greiddum fjárhæðum, svo sem lýst er í bréfum Lögheimtunnar hf., fyrst frá 10. maí 1991, en síðasta lokagreiðsla stefnanda var 8. janúar 1993.

Stefnandi vísar til fram lagðra kvittana Lögheimtunnar hf. vegna greiðslna, kaupsamnings og meginreglna samningaréttar og samningalaga nr. 7/1936 og almennra reglna kröfuréttar, m. a. varðandi umboð. Kröfur um dráttarvexti og vaxtavexti styður stefnandi með vísan til ákvæða III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Varðandi kröfu um málskostnað vísar stefnandi til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála svo og gjaldskrár LMFÍ til hliðsjónar. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur og beri því nauðsyn til að fá dóm fyrir virðisaukaskatti á málskostnað samkvæmt lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

II.

Málsástæður og lagarök stefnda Guðna Haraldssonar.

Sýknukrafa stefnda byggist á því, að hann hafi í engu með athöfnum sínum eða athafnaleysi stofnað til þeirra ætlaðra skaðaverka, sem stefnt er til bótagreiðslu á í máli þessu gagnvart stefnanda.

Samkvæmt kaupsamningi og afsali, dags. 25. júlí 1985, hafi stefnandi máls þessa keypt eignarhluta meðstefnda Stefáns Gríms Olgeirssonar í norðvesturhorni fasteignarinnar nr. 26 við Nýbýlavegi í Kópavogi. Sama dag hafi meðstefndi Stefán Grímur gefið út tryggingarbréf til stefnanda, þar sem segir: „... til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á víxilskuldum svo og til tryggingar öllum öðrum skuldum og skuldbindingum, í hvaða formi sem er, sem hvíla á fasteigninni Nýbýlavegi 26, Kópavogi, þ. e. eignarhluta þeim í norðvesturhorni hússins, sem ég hef selt Birgi Þórisssyni, Blikanesi 23, Garðabæ, nnr. 1135-6370, og taldar eru upp hér á eftir, allt að 2.500.000 kr., samkvæmt víxli (eigin víxill) út gefnum af mér í dag, að fjárhæð

2.500.000 kr., með gjalddaga við sýningu, auk vanskilavaxta og kostnaðar, þ. m. t. innheimtukostnaður, málskostnaður o. fl., váttryggingariðgjöld, er hann kann að greiða, eða annað að engu undanskildu eftir reikningi, er Birgi Þórisssyni, Blikanesi 23, Garðabæ, nnr. 1135-6370, hér með veðsett eignin Nýbýlavegur 26, 1. hæð, Kópavogi, með 15. veðrétti og uppfærslurétti á eftir. ...“

Eigin víxill sá, sem meðstefndi Stefán Grímur gaf út 25. júlí 1985, var með gjalddaga við sýningu, og er það víxillinn, sem tryggingarbréfið skyldi tryggja. Stefnanda, sem kveðst hafa haft umrætt tryggingarbréf í förum sínum ásamt víxlinum, sbr. það, sem kemur fram í stefnu, bar því að sýna nefndan víxil til greiðslu fyrir 25. júlí 1986, vildi hann halda víxilrétti sínum á hendur útgefanda til laga. Þetta hafi ekki verið gert, og því hafi fallið niður víxilkrafa stefnanda á hendur meðstefnda Stefáni Grími 24. júlí 1986. Þar sem víxilkrafa stefnanda var niður fallin fyrir vangeymslu hans, féll veðtrygging niður á sama tíma. Þegar veðtrygging var niður fallin, bar stefnanda að sjálfsögðu skylda til þess að aflýsa veðinu. Í júní 1987 mun stefnandi hafa afhent stefnda nefnt tryggingarbréf til aflýsingar, og hafi því verið aflýst 22. júní 1987, tæpu einu ári eftir að víxil- og veðkröfur samkvæmt nefndum skjölum voru niður fallnar.

Stefndi, sem annaðist almenn lögfræðistörf fyrir meðstefnda Stefán Grím á þessum tíma, neitar því algerlega að hafa persónulega lofað stefnanda eða nokkrum öðrum að ábyrgjast fjárskuldbindingar umbjóðanda síns gagnvart stefnanda vegna þessara viðskipta aðila. Hið eina, sem stefndi tók að sér að gera gagnvart stefnanda, var að annast aflýsingu tryggingarbréfsins, er glatað hafði veðrétti, og hefði átt að gerast mörgum mánuðum áður. Það, að stefndi annaðist aflýsingu veðbréfsins, getur ekki undir neinum kringumstæðum leitt til þess, að stefnandi hafi öðlast betri rétt á hendur honum en hann átti á hendur meðstefnda Stefáni Grími. Áður en bréfið var afhent stefnda til aflýsingar. Af því, sem nú hefur verið rakið, má ljóst vera, að stefndi hefur ekki á nokkurn hátt valdið stefnanda tjóni né unnið til þeirra verka, sem skaðabótaskyld gætu talist, hvað þá heldur in solidum með meðstefnda Stefáni Grími, sem ótvírætt var þó skuldari samkvæmt gögnum málsins, allt til þess að víxilréttur eða almennur kröfuréttur á hendur honum féll niður fyrir vangeymslu og fyrningu.

Með sama hætti væru allar kröfur stefnanda á hendur stefnda niður fallnar fyrir fyrningu, hefði til greiðsluloforðs hans komið í júní 1987.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, og með vísan til tilvitnaðra gagna, víxillaga og almennra reglna samninga- og kröfuréttar ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Niðurstaða.

Af hálfu stefnda Stefáns G. Olgeirssonar hefur ekki verið sótt þing í málinu, og ber því að dæma málið, að því er hann varðar, í samræmi við 96. gr. laga nr. 91/1991.

Samkvæmt áskorunarstefnu, áritaðri um aðfaranhæfi 2. mars 1987, var stefnanda, Birgi Þórisssyni og stefnda Stefáni Olgeirssyni gert að greiða in solidum skuld, að fjárhæð 80.000 kr., auk vaxta og kostnaðar. Var þar um að ræða skuld samkvæmt vixli, sem út gefinn var af stefnanda, Birgi Þórisssyni, 12. júní 1985, en samþykktur af stefnda Stefáni til greiðslu 12. ágúst 1985. Skuld þessa ásamt áföllnum kostnaði leysti stefnandi til sín, eftir að fram hafði verið sett krafa um gjaldþrotaskipti á búi hans, og er sú innlausnarfjárhæð, 663.160 kr., sem er stefnukrafa málsins. Stefndi Stefán, sem gaf skýrslu fyrir dómi, hefur viðurkennt að skulda stefnanda þá fjárhæð, og ber því að taka til greina stefnukröfur á hendur stefnda Stefáni Olgeirssyni, eins og nánar greinir í dómsorði. Þá ber að dæma stefnda Stefán til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 140.000 kr. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómkröfur sínar á hendur stefnda Guðna Haraldssyni hrl. styður stefnandi því, að lögmaðurinn hafi ábyrgst, að skuld sú, sem hér um ræðir, yrði greidd af þeim fjármunum, sem hann hefði til ráðstöfunar fyrir stefnda Stefán vegna sölu eignar hans að Nýbýlavegi 26, Kópavogi. Stefndi Guðni hefur eindregið neitað því að hafa lofað, að skuld þessi yrði greidd, og er ósannað, að svo hafi verið. Dómkröfur á hendur honum verða því ekki reistar á þeim forsendum. Að því er varðar tryggingarbréf það, sem stefnandi afhenti stefnda Guðna og aflýst var af eigninni Nýbýlavegi 26 22. júní 1987, liggur fyrir, að sú veðsetning var til tryggingar eigin vixli, út gefnum af stefnda Stefáni 25. júlí 1985, sem greiða skyldi við sýningu. Fyrir liggur, að þeim vixli var ekki haldið til laga í samræmi við 34. gr., sbr. 53. gr. víxillaga nr. 93/1933. Ber því að fallast á það með stefnda Guðna, að þar með hafi veðréttur víxilkröfunnar fallið niður. Aflýsing tryggingarbréfsins var því ekki til þess fallin að baka stefnanda tjón, og verður bótaábyrgð á hendur stefnda Guðna ekki reist á þeim sjónarmiðum. Þá verður ekki séð, að stefndi Guðni hafi að öðru leyti með erindrekestri sínum fyrir stefnda Stefán bakað sér bótaábyrgð gagnvart stefnanda vegna þeirrar fjárkröfu, sem stefnt er út af í málinu. Ber því að sýkna stefnda Guðna af öllum kröfum stefnanda í málinu. Dæma ber stefnanda til þess að greiða honum 75.000 kr. í málskostnað.

Það athugist, að ekki verður séð, að uppfyllt séu skilyrði 19. gr. laga nr. 91/1991 um samlagsaðild stefndu í máli þessu.

Eggert Óskarsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi Stefán G. Olgeirsson greiði stefnanda, Birgi Þórisssyni, 663.160 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 10. 5. 1991 af 40.000 kr. til 2. 10. 1992, af 140.000 kr. til 22. 10. 1992, af 190.000 kr. frá þeim degi til 15. 12. 1992, af 266.580 kr. frá þeim degi til 28. 12. 1992, af 586.580 kr. frá þeim degi til 8. 1. 1993 og af 663.160 kr. frá þeim degi til greiðsludags og 140.000 kr. í málskostnað. Dráttarvextir leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 8. 1. 1994, en síðan árlega þann dag.

Stefndi Guðni Haraldsson skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Birgis Þórissonar, í máli þessu. Stefndandi, Birgir Þórisson, greiði stefnda Guðna Haraldssyni 75.000 kr. í málskostnað.
